
Ólyginn sagði . . .



Linda Gray

leið miklar vítiskvalir í ellefu ár á meðan hún lék fyllibyttuna Sue Ellen, eiginkonu JR í Dallas. Ástæðan er sú að móðir hennar var áfengissjúklingur. Linda skýrði frá þessu í viðtali við bandarískt stórblað og sagði jafnframt að hún væri ekki alki, þrátt fyrir sögusagnir um hið gagnstæða. Samstarfsmenn hennar í Dallas höfðu ekki minnstu hugmynd um þetta hugarvíl blessaðrar konunnar, annars hefðu þeir sjálfsagt skrifað hlutverkið öðru vísi, nú eða hreinlega skipt um leikkonu. En ekki er þetta þó eins svart og ætla mætti við fyrstu sýn. Móðir leikkonunnar hefur haldið sér þurri í ellefu ár og samband þeirra mæðgna er gott.



Bridget Fonda

dóttir Peters Fonda og náfrænka Jane Fonda, er ekki par hrifin af föðursystur sinni. Stúlkan segir frænku vera með leikfimi sína á heilanum og tala ekki um annað. Þegar fjölskyldan sest niður til að ræða kvikmyndir og kvikmyndaleik, sem einu sinni er ættariðjan, vill Jane bara tala um hopp og skokk og annað eftir því. Sem betur fer sést fjölskyldan ekki nema á jólunum.




Sondra Locke

er bálreið út í Clint Eastwood, leikara og fyrrum elskhuga sinn, og hefur farið í mál við hann. Hún krefst helmings auðæfa hetjunnar, sem metin eru á 140 milljónir dollara. Sondra segist hafa fórnað lífi sínu fyrir Clint, en hann hafi bara sparkað henni á dyr eins og hverjum öðrum dauðum hlut. Clint segir þetta hins vegar hina örgustu lygi. Vinir leikarans halda því fram að Clint hafi borgað brúsann fyrir eiginmann Sondru, þar á meðal glæsilegt hús og þangað geti stúlkan leitað í neyð sinni, ef einhver er.



Þátttakendur í keppninni, frá vinstri: Guðlaug, Sigrún, Dís, Kolbrún og Sólrún. DV-myndir Ómar



Sigurvegarinn, Dís Sigurgeirsdóttir.


Sumarstúlka Vestmannaeyja

Ómar Garðarsson, DV, Vestmannaeyjum:

Keppnin um titilinn „Sumarstúlka Vestmannaeyja" fór fram í Hallarlundi á dögunum og voru keppendur fimm. Sigurvegari varð Dís Sigurgeirsdóttir, 19 ára menntaskólanemi, sem nú starfar við afgreiðslu. Foreldrar hennar eru Katrín Magnúsdóttir og Sigurgeir Jónsson. Hún hlaut Reykjavíkurferð með öllu í verðlaun og allar fengu stúlkurnar miða á þjóðhátíð auk myndarlegra blómvanda.

Hallarlundur og Fréttir standa í sameiningu að þessari keppni. Auk sigurvegarans tóku eftirtaldar stúlkur þátt í keppninni. Kolbrún Hjartardóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir, Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir og Sólrún Þorsteinsdóttir.


Alþjóðleg nútímalist á Kjarvalsstöðum




Gunnar Kvaran, listráðunautur Kjarvalsstaða, setur alþjóðlegu sýninguna á nútímaverkum. Fjöldi manns var viðstaddur opnunina.

Á laugardaginn var opnuð sýning á alþjóðlegri nútímalist frá listasafninu Epinal í Frakklandi. Sýnd eru verk eftir listamenn sem hafa getið sér gott orð á síðustu tveimur áratugum, s.s. Andy Warhol, Frank Stella, Gilbert og George, Tony Cragg, Donald Judd, Richard Long, Helmut Newton, Sigmar Polke og fleiri.

Safnstjóri Epinal, Bernhard Huin, hefur safnað nútímalistaverkum á safnið og á heiðurinn af því starfi sem gert hefur það að verkum að sýningin á Kjarvalsstöðum varð staðreynd. Þekktastur listamannanna er sennilega Andy Warhol en á sýningunni eru m.a. málverk hans af Campbell's súpudósum. Verk hans og þriggja annarra listamanna hafa áður verið sýnd hér á landi.



Páll Stefánsson ljósmyndari og Sjón skáld, með dökk gleraugu, ásamt fleiri við opnunna á sýningunni á laugardaginn. DV-myndir JAK



Mike Tyson ygglir sig, enda borinn þungum ásökunum í nýrri ævisögu.

Tyson:

Eins og hver annar unglingur

Það er ekki tekið út með sældinni að vera Mike Tyson, hnefaleikakappi og fjölmiðlatugga. Sveinstaulinn hefur ekki undan við að hreinsa sig af áburði um að hann hafi gaman af því að kvelja konur í rúminu. Þá segir hann líka alrangt að hann hafi nokkurn tíma viðhaft þau orð að fyrrum eiginkona hans, Robin Givens, hafi fengið besta kjaftshögg hans.

Fullyrðingar um þetta koma fram í nýrri ævisögu Tysons sem fyrrum samstarfsmaður hans skrifaði. Góðkunningi Tysons segir að þetta og fleira sem fram komi í bókinni sé bara búningsklefaraup. Hann segir jafnframt að ekki nokkur lifandi sála kæmist ósködduð frá bylmingshöggi boxarans.

Tyson segist bara vera eins og hver annar ungur maður. Tyson er 22 ára. „Ég hef nákvæmlega sömu áhugamál og strákar á mínum aldri. Eini munurinn er sá að ég er meistarinn," segir hann.

Orð að sönnu.